

SAMÞYKKTIR FYRIR HLUTAFÉLAGIÐ
ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1.gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (áður Hf. Ölgerðin Egill Skallagrímsson).

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Grjóthálsi 7-11 í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er sala, framleiðsla og dreifing á öli, gosdrykkjum og öðrum drykkjartegundum, er leyfðar eru samkvæmt lögum, innflutningsverslun og umboðssala, svo og kaup og sala alls konar verðbréfa; að eiga og reka fasteignir og lánastarfsemi.

Hlutfé, hlutir og fleira.

4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 2.843.402.913 – krónur tveir milljarðar átta hundruð fjörutíu og þrjár milljónir fjögur hundruð og tvö þúsund níu hundruð og þrettán. Hlutféð skiptist í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði eða margfeldi þeirra fjárhæðar. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutfé.

Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 103.562.261 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta að nafnverði ein króna hver. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem skulu nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsmenn. Stjórn félagsins ákveður áskriftargengi hlutanna og nánari skilmála áskriftar hverju sinni. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi gildir til 25. maí 2028.

[Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 80.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta að nafnverði ein króna hver. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem skulu nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsmenn sem gerðir hafa verið á grundvelli kaupréttaráætlunar í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Stjórn félagsins ákveður áskriftargengi hlutanna og nánari skilmála áskriftar hverju sinni, í samræmi við ákvæði kaupréttaráætlunarinnar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar hverju sinni. Heimild þessi gildir til 8. maí 2030.](#)

Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 140.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta að nafnverði ein króna hver. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem skulu boðnir mögulegum fjárfestum til áskriftar samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Stjórn félagsins ákveður áskriftargengi hlutanna og nánari skilmála

áskriftar hverju sinni. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi gildir til 19. maí 2026.

5. gr.

Félagið má eignast eða taka að veði allt að 10% af eigin hlutafé. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 5 ára hverju sinni. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

6. gr.

Hluthafafundi er heimilt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, að hækka hlutafé félagsins, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

7. gr.

Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, með síðari breytingum. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu.

Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu, skal hann skráður sem eigandi í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, með síðari breytingum og sem veitir honum réttindi í félaginu svo sem lög og samþykktir þessar mæla fyrir um.

Gagnvart félaginu skal rafræna hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu. Arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

Félagið má hafa rafræn samskipti við hluthafa. Slík rafræn samskipti skulu jafngild pappírssamskiptum. Heimildin nær til hvers kyns samskipta svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga frá stjórn. Stjórn skal setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gera skal til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu, lánveitingar.

8. gr.

Engar hömlur eru lagðar á veðsetningu, sölu eða annarskonar framsal hluta í félaginu. Um skrásetningu veða, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og regla sem settar eru á grundvelli þeirra.

Ákvæði 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög gilda um lánveitingar af hálfu félagsins til hluthafa eða starfsmanna félagsins eða tengdra félaga.

9. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

Aðalfundir – hluthafafundir.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem lög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögsmætra hluthafafundar.

Hluthafar, umboðsmenn og ráðgjafar þeirra hafa rétt til að sækja hluthafafundi í samræmi við reglur hlutafélagalaga. Sama á við um nefndarmenn í undirnefndum stjórnar. Formaður og meirihluti stjórnar ásamt forstjóra skulu vera viðstaddir hluthafafundi, nema forföll hamli. Forstjóri og endurskoðandi félagsins hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt þeir séu ekki hluthafar. Stjórn og forstjóra er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum hluthafafundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur að hluta eða öllu leyti. Hluthafa skal þó ávallt gefinn kostur á að greiða atkvæði, skriflega eða rafrænt, um þau mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal hún tryggja að rafrænn fundur fari fram á öruggan hátt og að tækjabúnaður sem notaður er sé þannig út garði gerður að hann uppfylli skilyrði hlutafélagalaga. Tekið skal fram í fundarboði að fundur fari fram með rafrænum hætti, upplýst um framkvæmd fundarins og hvernig hluthafar geta tekið þátt. Ef hluthafafundur er haldinn með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti, skal félagsstjórn heimilt að ákveða að hluthafar sem hyggjast taka þátt með rafrænum hætti skuli tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku allt að tveimur dögum fyrir fundinn. Innslegið aðgangsorð í tiltekinn fjarskiptabúnað jafngildir undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á fundarsókn.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Aukafundur skal halda eftir ákvörðun stjórnar, að kröfu endurskoðanda félagsins eða hluthafa sem ráða að minnsta kosti 1/20 hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint í fundarboði.

Stjórn annast boðun hluthafafunda. Boða skal til hluthafafunda með auglýsingu í fjölmiðlum, með auglýsingu í fréttakerfi kauphallar þar sem hlutir í félaginu hafa verið teknir til viðskipta eða með öðrum sannanlegum hætti.

Til hluthafafunda skal boða með minnst þriggja vikna fyrirvara. Ákvæði hlutafélagalaga gilda um framhaldsfundi.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur fari fram annars staðar en á heimili félagsins.

Í fundarboði skal a.m.k. greina:

- a. Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.
- b. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi.

- c. Upplýsingar um hvar og hvernig megi nálgast skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund, ályktunartillögur og/eða athugasemdir félagsstjórnar eða undirnefnda varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar, og ályktunartillögur sem félagið hefur mótttekið.
- d. Vefsíðu þar sem finna má upplýsingar í tengslum við hluthafafund samkvæmt lögum.

12. gr.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður, án tillits til fundarsóknar.

13. gr.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt á landslögum eða samþykktum þessum. Ákvörðun um breytingar á samþykktum þessum verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
- c. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti, eða
- d. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og greiðslur til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
6. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
8. Önnur mál.

15. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri sem fundurinn kys. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara. Hann heldur fundargerð þar sem gerð er grein fyrir ákvörðunum sem teknar eru, úrslitum atkvæðagreiðslna og öðru markverðu sem á hluthafafundi gerist. Fundargerðir eru færðar í fundargerðabók og teljast fullgild sönnun þess sem fram hefur farið á hluthafafundi.

Fundarstjóri kannar lögmæti fundarins. Hann stýrir umræðum og atkvæðagreiðslum.

Stjórn og forstjóri

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutföll innan stjórnar séu sem jöfnust og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Við stjórnarkjör skal jafnframt tryggja að stjórnarmenn uppfylli hæfisskilyrði þeirra laga og reglugerða sem um félagið gilda en auk þess skal tryggt að fulltrúar samkeppnisaðila sitji ekki í stjórn félagsins né heldur taki að sér stjórnendahlutverk innan félagsins. Með fulltrúa samkeppnisaðila er átt við aðila sem beint eða óbeint kemur fram fyrir eða starfar á vegum samkeppnisaðila í framleiðslu, sölu eða dreifingu drykkjarvara. Verði niðurstaða stjórnarkjörs þannig að skilyrðum þessa ákvæðis sé ekki fullnægt telst kosningin ógild og skal þá endurtaka stjórnarkjörið. Náist niðurstaða ekki eftir endurtekna kosningar skal þá fresta stjórnarkjöri til framhaldsaðalfundar sem skal haldinn innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Skal stjórnarkjör endurtekið í samræmi við framangreint fyrirkomulag svo oft sem þarf, þar til skilyrðum þessa ákvæðis er fullnægt.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á fundum stjórnar, en verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundir.

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Ekki má kjósa forstjóra sem formann stjórnar. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Forstjóri skal jafnan skyldur til að sækja stjórnarfundir, sé þess óskað og engin forföll hamla.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Endurskoðun og reikningshald

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki. Skal hann endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hóp stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. mars til loka febrúar ár hvert. Stjórn skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Arður – lögbundinn varasjóður

21. gr.

Um arðsúthlutun og tillag í lögbundinn varasjóð fer eftir ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög eins og þau eru á hverjum tíma. Að öðru leyti eru ekki settar neinar skorður við ákvörðun um úthlutun arðs.

Ýmis ákvæði

22. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykpta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, svo og örum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt í Reykjavík, ~~15.~~ 18. janúarmaí 2025

pr.pr. Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

Andri Þór Guðmundsson

Summary report:	
Litera Compare for Word 11.8.0.56 Document comparison done on 15.4.2025 11:47:05	
Style name: Default Style	
Intelligent Table Comparison: Active	
Original filename: 20250115 Samþykktir_uppfærðar.docx	
Modified filename: Samþykktir_uppfærðar hreint.docx	
Changes:	
<u>Add</u>	3
Delete	2
Move From	0
<u>Move To</u>	0
<u>Table Insert</u>	0
Table Delete	0
<u>Table moves to</u>	0
Table moves from	0
Embedded Graphics (Visio, ChemDraw, Images etc.)	0
Embedded Excel	0
Format changes	0
Total Changes:	5